

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2018

2020/EES/66/11

frá 27. apríl 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/92 frá 18. október 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 658/2014 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum, með tilliti til verðbólgu, sem greiða ber til Lyfjastofnunar Evrópu vegna framkvæmdar á lyfjagátarstarfsemi að því er varðar mannalyf ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 16. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 658/2014) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32018 R 0092:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/92 frá 18. október 2017 (Stjtið. ESB L 17, 23.1.2018, bls. 2).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/92, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. apríl 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 17, 23.1.2018, bls. 2.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.